

Lög

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (síld og makrill).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum:

- a. Í stað orðanna „20 lestum“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 35 lestum.
- b. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Verð á aflaheimildum í síld og makrill skv. 1. mgr. skal á hverjum tíma nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir síld og makrill samkvæmt lögum um veiðigjald, nr. 74/2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 13. september 2016.